

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 14. gr. laga um eiturefni og hættuleg efni nr. 85/1968 og að höfðu samráði við félagsmálaráðuneyti hvað snertir þá þætti sem Vinnueftirlit ríkisins sér um framkvæmd á, öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUR**

**um breyting á reglum um garðúðun nr. 222/1984.**

## 1. gr.

7. gr. 2. mgr. orðist svo:

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með geymslum og tækjabúnaði þeirra, sem heimild hafa til garðúðunar, enda tilkynni eiturefnanefnd Vinnueftirliti ríkisins nöfn og heimilisföng leyfishafa.

## 2. gr.

Ofangreind breyting sem sett er af Hollustuvernd ríkisins, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 50/1984, staðfestist hér með samkvæmt 14. gr. laga nr. 85/1968 um eiturefni og hættuleg efni til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. apríl 1986.*

**Ragnhildur Helgadóttir.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**AUGLÝSING**

**um samstarf um almannavarnir.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94 29. desember 1962, sbr. lög nr. 85 2. júlí 1985 hefur verið ákveðið, að Garðakaupstaður, Hafnarfjarðarkaupstaður og Bessastaðahreppur í Kjósarsýslu skuli hafa samstarf um almannavarnir og veita gagnkvæma aðstoð.

Þetta tilkynnist hér með þeim, sem hlut eiga að máli.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 25. apríl 1986.*

**Jón Helgason.**

*Ólafur W. Stefánsson.*